

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 10. febrúar 2014.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 - 19:15
Fundarstaður: Baughús 30, 112 Reykjavík.

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Pórhildur Kristjánsdóttir (PK)	formaður	Skype
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	gjaldkeri	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	meðstjórnandi	Fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt
Snæfríð Egilson (SE)	varamaður í stjórn	Fjarverandi
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir (AS)	varamaður í stjórn	Fjarverandi
Kolbrún Halldórsdóttir (KH)	varamaður í stjórn	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Regnhlífasamtök.**

Hugmynd sem kom upp á fundi félags íslenskra kórstjóra um að stofna regnhlífasamtök fyrir öll kórasamtök á Íslandi. Að ráðin væri manneskja sem hefði það hlutverk að vera tengiliður íslenskra kóra við erlenda grundu og kæmi upplýsingum þaðan á þá kóra sem við ætti í hvert skipti. Sem dæmi vegna kóramóta, móttöku erlendra kóra er þeir koma hingað til lands eða annarra viðburða. Haldinn var fundur þann 24. janúar 2013 með öllum kórasamtökum, kórstjórum og félagi orgelleikara. Þar mættu RH, GÁ og AG fyrir hönd Gíggunnar.

Rætt var um 50% starfsmann vegna samtakanna og að það yrði sameiginleg heimasíða fyrir samtökin undir stjórn þessa starfsmanns.

AG fékk t.d. póst frá erlendum kór, þar sem hún var beðin um að senda þeim upplýsingar um tengiliði hjá íslenskum kórum, þar sem þeir vilja halda tónleika á Íslandi. Ef það væri kominn sameiginlegur starfsmaður með allar upplýsingar frá íslensku kórunum þá væri þetta miklu auðveldara að aðstoða erlenda kóra vegna þess háttar mála og síðan sama ef íslenskir kórar eru að fara erlendis. Þá eru allar upplýsingar á sama stað. Einnig væri hægt að fá ferðaskrifstofur til samstarfs við samtökin.

Talað var líka um að hafa sameiginlegan nótnabanka í umsjón samtakanna.

Gígjan er mjög opin fyrir þessu sameiginlega starfi. Spurningin er hvað yrði mikill kostnaður fyrir kvennakórana að taka þátt í þessu starfi.

Stjórn Gíggunnar telur eðlilegt að kostnaðurinn miðaðist við fjölda félaga í aðildarsamböndum þ.e. hlutfallslegur kostnaður miðað við fjölda félaga.

Hlutverk starfsmanns samtakanna þarf að sjálfsögðu að vera skýrt og að félagar viti hverju þeir geti gengið að.

Þetta er aukinn kostnaður hjá kórnum og þarf að útfæra þetta frekar á næsta fundi vegna samtakanna. Síðan þarf að leggja þetta fyrir fund formanna á landsþingi þegar frekari upplýsingar eru komnar um kostnaðinn. Ef vilji er fyrir þessu hjá kórnum þá þarf að leggja þetta mál fyrir aðalfund Gígunnar og vera samþykkt þar.

2. Einblöðungur.

Stjórnin þarf að setja saman einblöðung fyrir vorið til að dreifa á landsmóti kvennakóra. AG ætlar að setja upp beinagrind að honum sem stjórnin mun svo fara yfir. Það þarf m.a. að koma fram kynning á starfi Gígunnar og koma því á framfæri að heimasíðan er heimild kvennakóranna um starfið þeirra. Það þarf að dreifa þessum einblöðungi á landsmótinu og síðan að senda einnig til þeirra kóra sem ekki komast á landmótið.

3. Heiðursviðurkenning Gígunnar.

Skoða þarf hvort Gígjan ætli að veita heiðursviðurkenningu á landsmóti kvennakóra í vor.

4. Landsmót 2014 og 2017.

Komin er facebooksíða vegna landsmótsins í vor og heitir hún Landsmót íslenskra kvennakóra 2014. AG ætlar að senda út póst til formanna um það hvaða kórar væru tilbúnir að halda landsmót kvennakóra 2017.

5. Fánar og barmmerki.

ÞK þarf að athuga hvernig staðan er á fánunum og barmmerkjunum fyrir landsmótið. Sendur var póstur á Önnu Laxdal og á eftir að fá svar við honum í sambandi við fánana og barmmerkin.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 19:15

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir